

Mánudaginn 1. apríl 1968.

Nr. 73/1967. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Jón G. Tómasson hdl.)

gegn

Eddu Stefaníu Levý og
(Hallvarður Einvarðsson hdl.)

Edda Stefanía Levý

gegn

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgar-
sjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. maí 1967, og krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem er fædd 9. marz 1947 og hefur tekið við máli sínu hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu samkvæmt 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 25. maí 1967. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda og stefnda verði dæmt að greiða henni óskipt skaðabætur að fjárhæð kr. 175.977.00 með 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hún hefur fengið gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og henni dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

Málsatvikum er nægilega lýst í héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi sat í II. bekk bóknámsdeildar Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, þegar slys þetta varð, enda skólaskyld, sbr. 11. gr. laga nr. 48/1946. Það verður að teljast skylda þeirra, er skóla reka, að sjá um, að viðhald skólahúsnæðis og búnaður allur sé með þeim hætti, að nemendum stafi eigi sérstök hættu af. Í vætti Óskars Magnússonar skólastjóra og Ingimars Benediktssonar umsjónarmanns kemur fram, að handfangsjárn það, er gagnáfrýjandi slasaðist á, hefur verið óvarið fyrir slysið og að þessum aðiljum var kunnugt um, að hlífarbúnaður var gallaður og eigi nægilega öruggur. Var óforsvaranlegt, að eigi skyldi úr þessu bætt, sem þó var auðvelt og eigi kostnaðarsamt. Samkvæmt þessu verður að telja, að þeir, sem ábyrgð bera á rekstri skólans að þessu leyti, séu fébótaskyldir gagnvart gagnáfrýjanda fyrir tjóni því, er hún varð fyrir vegna slyss þessa.

Aðaláfrýjandi hafði tekið umrætt húsnæði á leigu til skólahalds. Samkvæmt e-lið 10. gr. laga nr. 42/1946 ber skólanefnd að sjá um, að skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt og ríkissjóði að taka þátt í kostnaði vegna þess, sbr. 14. gr. laga nr. 41/1955, sbr. nú 20. gr. laga nr. 49/1967.

Skólastjóri, sem hefur yfirumsjón með rekstri skólans, tekur laun úr ríkissjóði, en umsjónarmaður er hins vegar launaður af aðaláfrýjanda. Að þessu athuguðu verður að telja, að aðaláfrýjandi og stefndi beri óskipt fébótaábyrgð á tjóni gagnáfrýjanda, að því leyti sem hún á rétt á að fá það bætt.

Gagnáfrýjandi var 14 ára að aldri, er hún slasaðist. Hún hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hún muni ekki eftir hurðarhandfanginu öðruvísi en handfangsjárnið væri óvarið. Hið sama kemur fram í vætti nemandans Þórunnar Jónsdóttur. Gagnáfrýjanda mátti því vera ljóst, að hætta stafaði af handfangsjárninu. Þegar litið er til þessa og aldurs og þroska gagnáfrýjanda, þykir hún hafa sýnt gáleysi, er hún hljóp um dyrnar meðfram hurð þeirri, sem um var að tefla.

Samkvæmt því, sem að framan var greint, þykir aðaláfrýjandi og stefndi óskipt eiga að bæta tjón gagnáfrýjanda að hálfu, en hún sjálf bera tjón sitt að hálfu.

Kröfu sína hér fyrir dómi sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Örorkubætur	kr. 128.797.00
2. Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 40.000.00
3. Kostnaður á heimili vegna slyss gagn- áfrýjanda	— 5.000.00
4.—6. Lækniskostnaður o. fl.	— 2.180.00

Kr. 175.977.00

Um 1. kröfulið. Með úrskurði Hæstaréttar 12. janúar 1968 var mál þetta lagt fyrir Læknaráð til umsagnar um örorku gagnáfrýjanda. Samkvæmt ályktun Læknaráðs 11. marz 1968 féllst það á álit Páls Sigurðssonar tryggingayfirlæknis frá 24. marz 1965 um, að gagnáfrýjandi hefði hlotið varanlega örorku af slysi þessu og væri örorkan hæfilega metin 10%.

Kr. Guðmundur Guðmundsson tryggingafræðingur hefur 18. marz 1968 reiknað af nýju með líkindatölum fjárhagslegt tjón gagnáfrýjanda vegna slyssins. Er þá gætt þeirra kauplagsbreytinga, sem orðið hafa frá fyrri reikningi tryggingafræðingsins 28. júní 1965, sem í héraðsdómi er rakinn. Þá hefur tryggingafræðingurinn einnig reiknað tjónið miðað við 7% ársvexti, en í hinum fyrri reikningi var miðað við 6% ársvexti. Eru niðurstöðutölur tryggingafræðingsins þær, að miðað við slysdag og 6% ársvexti nemi fjárhagstjónið kr. 162.668.00, en kr. 139.654.00, sé miðað við 7% ársvexti.

Með hliðsjón af líkindareikningi þessum og þegar þess er gætt, að bætur þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir tjón gagnáfrýjanda samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 110.000.00, og hafa þá verið dregnir frá sjúkradagpeningar, sem gagnáfrýjandi hefur fengið frá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur, kr. 7.168.00.

Um 2. kröfulið. Sjúkrasaga gagnáfrýjanda er rækilega rakin í héraðsdómi og lýtum hennar lýst. Þykir tjón hennar samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið kr. 40.000.00.

Um 3. kröfulið. Með visun til raka héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans, að því er þenna kröfulið varðar.

Um 4.—6. kröfulið. Fjárhæðir þessara kröfuliða hafa eigi sætt andmælum, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Samkvæmt þessu telst heildartjón gagnáfrýjanda af slysinu samtals kr. 157.180.00. Ber aðaláfrýjanda og stefnda að greiða gagnáfrýjanda óskipt þar af kr. 78.590.00 með vöxtum, svo sem í héraðsdómi greinir.

Gagnáfrýjandi hafði gjafsókn í máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Gjafsóknarkostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna gagnáfrýjanda í héraði og hér fyrir dómi, kr. 18.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, og stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Eddu Stefaníu Levý, óskipt kr. 78.590.00 með 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Ármanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, og skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Hallvarðs Einvarðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Atvik máls þessa gerðust í leiguhúsnæði Gagnfræðaskólans nr. 121 við Hringbraut í Reykjavík hinn 13. desember 1961. Handföng á hurðum skólans voru þannig gerð, að

hulstur, sem skrífa mátti af, voru utan um handfangsjárnin. Gerðu nemendur sér leik að því að skrífa hulstrin af, en kennarar, eftirlitsmaður skólans og ræstingarkonur skrúfuðu þau á aftur, þá er þau fundust.

Nefndan dag fór gagnáfrýjandi á spretthlaupi inn í skólastofu sína og rak þá hægri handlegg sinn í handfangsjárnið á gangahurð fyrir framan skólastofuna. Skaddaðist hún á handleggnum, svo sem lýst er í héraðsdómi. Handfangsjárn þau, sem hér er um að tefla, eru oddlaus og slétt fyrir endann. Virðast þau eigi sérstaklega hættuleg, ef viðhöfð er varúð og gát. Aðalorsök slyss gagnáfrýjanda má því rekja til ógætni hennar og spretthlaups og svo óhappatilviljunar. En þar sem viðbúið er, að ungmenni viðhafi skyndileg ógætnisviðbrögð, hefði eftirlitsmaður gagnfræðaskólans og skólastjóri átt að gera reka að því, að sett væru öruggari handföng á hurðir skólahússins. Athafnaleysi eftirlitsmanns, sem starfaði á vegum aðaláfrýjanda, Reykjavíkurborgar, og skólastjóra, sem er ríkisstarfsmaður og vann á ábyrgð ríkisins, er þess eðlis, að það leiðir til þess, að rétt er að leggja á nefnda almannaáðilja einn þriðja af tjóni gagnáfrýjanda.

Allir dómendur Hæstaréttar eru ásáttir um, að meta beri tjón gagnáfrýjanda kr. 157.180.00, svo sem rakið er í atkvæði meiri hlutans. Ber að dæma aðaláfrýjanda, borgarstjórnann í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, og stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, til að greiða gagnáfrýjanda óskipt einn þriðja þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 52.393.33, ásamt vöxtum, svo sem síðar greinir.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, og stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Eddu Stefaniú Levý, óskipt kr. 52.393.33 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 1. janúar

1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs málflutningsmanns hennar í héraði, Ármanns Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, og málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Hallvarðs Einvarðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um rétt gagnáfrýjanda til bóta.

Aðaláfrýjandi hafði tekið umrætt húsnæði á leigu til skólahalds samkvæmt 12. gr. laga nr. 41/1955, sbr. nú 1. mgr. 23. gr. laga nr. 49/1967. Samkvæmt e-lið 10. gr. laga nr. 48/1946 ber skólanefnd að sjá um, að skólahúsnæði sé haldið við á fullnægjandi hátt, en ríkissjóði bar hins vegar að taka þátt í kostnaði vegna þessa samkvæmt 14. gr. laga nr. 41/1955, sbr. nú 20. gr. laga nr. 49/1967. Ráðinn var maður, sem tók laun hjá aðaláfrýjanda, til að hafa umsjón með skólahúsnæðinu. Umsjónarmaður þessi, Ingimar Benediktsson, hefur borið fyrir dómi, að innan hans verkahnings hafi meðal annars verið að sjá um viðhald á hurðarhandföngum í skólanum. Aðaláfrýjandi og stefndi bera saman kostnað af rekstri skóla á barnafræðslu- og gagnfræðastigi hér í borginni, en aðaláfrýjandi hefur einn með höndum viðhald og hirðu um skólahúsnæði og ber ábyrgð á, að það sé fullnægjandi. Slys það, sem mál þetta er af risið, verður rakið til vanrækslu á viðhaldi og hirðu um húsnæðið. Samkvæmt þessu og með skírskotun til raka héraðsdóms um þetta efni verður aðaláfrýjanda því dæmd ábyrgð á tjóni gagn-

áfrýjanda, en stefnda sýkna af kröfum hennar. Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður, að því er stefnda varðar.

Þá er ég sammála atkvæði meiri hluta dómenda um með-sök gagnáfrýjanda að slysinu og að heildarbætur til hennar séu ákveðnar kr. 78.590.00 auk vaxta, svo sem í héraðsdómi greinir.

Aðaláfrýjanda ber að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 25.000.00, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00 til hvors, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Eddu Stefaniú Levý, í máli þessu, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður, að því er hann varðar.

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda kr. 78.590.00 með 7% árs-vöxtum frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% árs-vöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði kr. 25.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar í héraði, Ármanns Jónsson hæstaréttarlögmanns, og skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, Hallvarðs Einvarðssonar héraðsdómslögmanns, kr. 18.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. febrúar 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 19. janúar 1967, hefur stefnandi, Sigurbjörg E. Levý, Sólvallagötu 60, Reykjavík, f. h. ólögráða kjördóttur sinnar, Eddu Stefaníu Levý, sama stað, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 23. september 1966, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta vegna slyss, er kjördóttir hennar, Edda Stefanía, varð fyrir í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar, Hringbraut 121, þann 13. desember 1961.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða henni kr. 175.977.00 með 7% ársvöxtum frá 13. desember 1961 til 31. desember 1964, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 31. desember 1965 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að mati dómarsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 6. maí 1966, var stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík krefst *aðallega*, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og honum verði dæmdur málskostnaður að mati réttarins. *Til vara* krefst hann þess, að sök verði skipt varðandi orsök slyssins og afleiðingar og fébótum öllum, kostnaðarkröfum og málskostnaði skipt eftir því sakarhlutfalli.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst algerrar sýknu. Málskostnaðarkrafa er ekki gerð.

Málsatvik eru þessi:

Þann 13. desember 1961 varð kjördóttir stefnanda, Edda Stefanía Levý, þá 14 ára nemandi í II. bekk Gagnfræðaskólans við Hringbraut 121, fyrir því slysi að lenda með hægri handlegg utan í handfangsjárni á hurð í gangi framan við skólastofuna. Hulstur, sem vera átti utan um handfangið, hafði verið fjarlæggt, svo að það var óvarið í hurðinni. Stakkst handfangsjárnið í olnbogabót Eddu og skildi eftir mikið sár á framhandlegg. Hefur hún ekki ennþá fengið fulla bót meina sinna, og er örorka hennar metin á 10%. Engin lögreglurannsókn fór fram af hálfu skólans í sambandi við slysið.

Tæpu ári síðar er tekin lögregluskýrsla af Eddu eftir tilmælum Ármanns Jónssonar lögfræðings, og 17. og 21. febrúar 1966 fara fram vitnaleiðslur í málinu fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Edda Stefanía hefur skýrt svo frá atvikum: Slysið vildi til eftir hádegi þann 13. desember 1961 í síðustu eða næst síðustu

frímínútum. Hún hafi verið stödd frammi á stigapallinum, er hringt var í tíma, ásamt nokkrum öðrum nemendum. Til þess að komast inn í skólastofuna þurfti að fara í gegnum gang framan við hana. Hurð er fyrir ganginum, sem opnaðist inn og stóð opin. Þegar búið var að hringja í tíma, kveðst hún hafa brugðið við og hlaupið í átt til skólastofunnar. Próf hafi átt að vera í þessum tíma og hafi hún því viljað flýta sér til þess að geta litið yfir námsefnið, áður en kennarinn kæmi inn. Þegar hún kom á móts við ganghurðina, lenti hægri handleggur hennar á handfangsjárninu með svo miklu afli, að járníð gekk í gegnum peysu, sem hún var í, og inn í handlegg hennar.

Við áreksturinn missti hún fótanna og man óljóst, hvað gerðist næst á eftir. Hún telur sig þó muna, að sér hafi verið lyft upp og þá kippt að sér hendinni, er við það losnaði af handfanginu. Þegar hún lyfti upp peysuerminni hafi laus handleggsvöðvi oltið niður, og handleggurinn verið eitt gapandi sár. Hún var síðan færð inn á kennarastofu, þar sem sár hennar voru athuguð. Að þeirri athugun lokinni var hún flutt með sjúkrabifreið á slysavarðstofuna og þar gert að sárum hennar. Stóð sú aðgerð fram á kvöld.

Fyrir dómi var hún rækilega spurð um, hvort fleiri hefðu hlaupið samsíða henni í gegnum dyrnar og hvort henni hefði verið hrint, og kvað hún svo ekki hafa verið. Ekki sagði hún, að nein ærsl hefðu verið í skólabörnunum fyrir slysið eða um kapphlaup þeirra á milli inn í skólastofuna hefði verið að ræða. Hún hafi hlaupið nokkuð hratt í þetta sinn, en þó ekki hraðar en vejulega.

Skólastjórinn, Óskar Magnússon, hefur komið fyrir dóm. Skólastjóranum var sýnt hurðarhandfang, dskj. nr. 22, og segir hann, að það sé sams konar hurðarhandfang og olli slysinu. Skólastjórinn kveður nemendur hafa legið á því „lúalagi“ að skrúfa hulstrin af handfangsjárnunum hvað eftir annað og jafnvel fjarlæggt þau alveg, svo að umsjónarmaður og kennarar hafi ekki haft við að setja þau á. Ekki telur hann, að handfangsjárníð hafi verið lengi búið að vera óvarið, er slysið varð, og ekki kveðst hann vita, hver skrúfaði það af. Bekkur sá, sem hin slasaða stúlka var í, hafi ekki verið óvenjulega baldinn, en þó hafi þar ekki verið neinir fyrirmyndar unglingar.

Hann segir, að lögreglan hafi komið á vettvang eftir slysið og hafi hann því talið, að hún mundi hefja rannsókn í málinu, án þess að hann æskti þess. Viðhald á skólahúsnæðinu hafi farið

fram á vegum Áhaldahúss Reykjavíkur, en ekki vissi hann, hvort áhaldahúsið hefði annazt viðgerðirnar fyrir Reykjavíkurborg eða eigendur hússins. Hann hafi verið nýfarinn úr skólanum, er slysið varð. Þá segir skólastjórinn, að hurðarhandfang það, er slysinu olli, hafi verið að skólastofu þeirri, sem kennsla fór fram í. Virðist þar vera um misskilning hjá skólastjóranum að ræða, því að lögmenn aðilja eru sammála um, að umrætt hurðarhandfang hafi verið á hurð að ganginum fyrir framan skólastofuna, sbr. dskj. nr. 39.

Þórunn Jónsdóttir, bekkjarsystir hinnar slösuðu, hefur komið fyrir dóm.

Vitnið var sjónarvottur að slysinu. Það kveðst ásamt nokkrum stúlkum, þar á meðal Eddu Stefaníu, hafa verið statt á stigapalli þeirrar hæðar, sem skólastofan er á, er hringt var í tíma. Þær brugðu þá við og hlupu í átt til skólastofunnar. Þegar þær hlupu fram hjá hurð, sem er fyrir gangi framan við skólastofuna og opnaðist inn í ganginn, kræktist hurðarhandfangsjárn í handlegg Eddu Stefaníu. Við það varð henni fótaskortur, en féll þó ekki á gólfið, því að handfangsjárnið hafði gengið inn í handlegg hennar, og hékk hún á járninu, þar til hún var reist við. Kom þá í ljós, að hún var meidd, og blæddi úr handlegg hennar.

Vitnið kveðst ekki muna eftir þessu hurðarhandfangi öðruvísi en hulsturslausu og óvörðu. Oft hafi komið fyrir, að börnin festu fót sín á járn þessu og hafi það hent hana sjálfa. Ekki sagðist vitnið vita til, að kvartað hefði verið undan þessu við skólaumsjónarmanninn, en krakkarnir hafi verið búnir að ræða þetta sín á milli.

Ekki sagði vitnið, að nein ærsl hefðu verið í stúlkunum, er þær hlupu inn að kennslustofunni, og þær hafi ekki hlaupið hratt. Vitnið telur sennilegt, að nokkrar stúlkur hafi hlaupið í hóp inn ganginn auk Eddu Stefaníu, því að hún hafi gripið í einhverja stúlku, er slysið vildi til. Ekki mundi vitnið, hversu margar stúlkurnar voru.

Vitninu var sýnt hurðarhandfangið á dskj. nr. 22, og segir það vera sams konar handfang og olli slysinu.

Umsjónarmaður skólans, Ingimar Benediktsson, hefur komið fyrir dóm. Vitninu var sýnt hurðarhandfang á dskj. nr. 22, og sagði það, að Edda Stefanía hafi meitt sig á alveg sams konar hurðarhandfangi, en handfangsjárnið hafi verið hulsturslaust og óvarið, er slysið vildi til. Vitnið var ekki statt í skólahúsinu, er slysið vildi til, en kom, rétt eftir að búíð var að flytja Eddu

Stefaníu á brott. Það kveðst þá þegar hafa spurzt fyrir um slysið, og kom þá í ljós, að mörg börn voru sjónarvottar að því, en ekki gat það þó nafngreint neitt þeirra. Aftur á móti mun enginn kennaranna hafa verið þar nærstaddur.

Vitnið upplýsti, að umrætt hurðarhandfang hafi verið á hurð skólahússins, er það var tekið á leigu. Talsverð brögð hafi verið að því, að börnin skrúfuðu hulstrið af handfangsjárninu, og hafi það stöðugt verið að týnast og finnast aftur. Vitnið, kennarar skólans, ræstingakona og skólastjóri sáu jafnan um að skrúfa hulstrið á aftur, en það hafi fremur lítinn árangur borið. Þó telur vitnið, að handfangsjárnið hafi ekki verið búið að vera lengi óvarið.

Vitninu ber saman við aðra um það atriði, að hurðarhandfang það, sem slysinu olli, hafi verið á hurð að gangi framan við skólastofuna. Aldrei áður hafi orðið slys í sambandi við hurðarhandföng þessi og ekki hafi hvarflað að sér, að af þeim gæti stafað slysaætta. Vitnið telur, að slys þetta hafi stafað af óhóflegum umgangsháttum, þar sem upplýst sé, að Edda Stefanía hafi verið hlaupandi, en slík umgengni sé á annan hátt en brýnt sé fyrir nemendum, enda hafi þessi bekkjardeild verið heldur fyrirferðarmikil.

Þá tók vitnið fram, að það hefði annast að nokkru leyti viðhald skólahúsnæðisins og viðhald á umræddu hurðarhandfangi hafi verið í sínum verkahring. Stundum hafi það fengið menn frá Áhaldahúsi Reykjavíkur til þess að annast viðhald hússins.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að slysið hafi orsakast af því, að vanrækt hafi verið að setja handfang á hurð að gangi framan við skólastofu þá, sem hin slasaða stúlka átti að vera í næstu kennslustund, en handfangsjárið verið óvarið í hurðinni. Hinum stefndu beri báðum og sameiginlega að sjá um og kosta framkvæmd skólamála hér í borginni, að því er varðar gangfræðastig skólakerfisins.

Skólastjóri og umsjónarmaður skólans hafi báðir vanrækt að skipta um handfang á umræddri hurð og forðast þannig slysaætta. Á þessari vanrækslu forráðamanna skólans séu stefndu ábyrgir og beri þeim því að bæta tjón það, sem af slysinu varð, fébótum.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík styður sýknukröfu sína þeim rökum, að meginorsök slyssins sé óvarkárni Eddu Stefaníu sjálf. Hún hlaupi inn um þröngar dyr ásamt öðrum, eða að minnsta kosti einni skólasystur sinni, án þess að gefa hurðar-

handfangsjárninu gaum, enda þótt hún vissi, að það var óvarið. Slíkt sé óforsvaranleg umgengni, sem hún verði sjálf að bera ábyrgð á.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á almennu skaðabótareglunni. Hann verði því að sanna culpa fyrirsvartsmanna skólans, en það hafi honum ekki tekizt í málinu. Fari svo, að skólayfirvöldin verði talin bótaskyld, þá eigi sú ábyrgð að hvíla á ríkissjóði, þar sem skólastjórinn, Óskar Magnússon, sé starfsmaður ríkisins.

Til vara er því haldið fram, að bótagreiðslur eigi að skiptast milli ríkis og sveitarfélagsins í þeim hlutföllum, sem stofn- og rekstrarkostnaður deilist milli þessara aðila.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs styður sýknukröfu sína þeim rökum, að umrætt slys verði að teljast hrein óhappatilviljun, sem engum verði sérstaklega um kennt. Þá er sýknukrafan byggð á því til vara, að ábyrgð á viðhaldi skólans, þótt talið yrði ófullnægjandi í þessu tilfelli, hvíli eingöngu á borgarsjóði, en sé ríkissjóði með öllu óviðkomandi. Umsjónarmaður skólans sé borgarstarfsmaður og starf hans að því leyti á vegum borgarsjóðs og ábyrgð.

Hafa nú verið rakin í meginatriðum tildrög slyssins og viðhorf aðila til málsins, eins og þau liggja fyrir á skjölum málsins og komu fram í munnlegum málflutningi.

Eins og áður er fram komið, var hurðarhandfang það, sem slysinu olli, að dyrum fyrir gangi framan við skólastofu þá, sem kennsla fór fram í, og sést öll aðstaða glögglega á dskj. nr. 39. Húsnæði þetta hafði borgarsjóður á leigu, og bar honum samkvæmt leigusamningi á dskj. nr. 36, 7. gr., að annast viðhald á því húsnæði, sem kennsla fór fram í. Hurðin var full opin, og mun handfangsjárið hafa verið nær lárétt samsíða hurðinni, ca. 5—6 cm frá henni. Virðist því handleggur hinnar slösuðu stúlku næstum hafa strokizt með hurðinni, ella hefði handfangsjárnið ekki náð til hennar.

Handfangsjárnið er ca. 7½—8 cm á lengd með gengju eða skrúfgangi fremst. Það er ferstrent með hvössum hornum. Það er einróma álit dómsins, að eins og hér stóð á, hafi verið óvarlegt að hafa handfangsjárnið óvarið, þar sem jafnan mátti búast við þröng og troðningi í ganginum framan við skólastofuna. Bar því umsjónarmönnum skólans að skipta um hurðarhandfang og ganga tryggilega frá, svo að slysaætta gæti ekki af því stafað. Með því að vanrækja þessa varúðarskyldu hafa forsjármenn skólans fellt á sig skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda.

Þegar slysið bar að, var Edda Stefanía 14 ára. Hún vissi, að handfangið var óvarið. Eftir prófskírteini hennar að dæma, er ekki annað að sjá en hún hafi haft námsgáfur í góðu meðallagi. Verður því að telja, að hún hafi verið búin að taka út þann þroska, að henni hefði átt að vera ljós sú hættu, sem samfara því var að hlaupa fram með hurðinni, svo sem hún gerði. Hefur hún því með óvarkárinu sinni sjálf átt nokkra sök á slysinu.

Þegar öll atvik þessa máls eru skoðuð, þykir rétt, að stefnandi beri sjálf tjón kjördóttur sinnar að $\frac{1}{2}$, en fái það bætt fébótum að $\frac{4}{5}$ hlutum.

Svo sem að framan greinir, hefur stefnandi krafizt, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða henni hinar umstefndu bætur. Áður en afstaða er tekin til þessarar kröfu, þykir rétt að rekja í stuttu máli hlutdeild hinna stefndu hvors um sig í framkvæmd lögboðinnar skólaskyldu í borginni, að því er viðkemur gagnfræðastiginu.

Þeim málum er skipað með lögum um gagnfræðanáám nr. 48/1946, sbr. lög nr. 34/1946 og lög nr. 41/1955. Samkvæmt þessum lögum hvílir framkvæmd lögboðinnar skólaskyldu í landinu sameiginlega á ríki, bæjar- og sveitarfélögum. Í framkvæmd hefur sá háttur verið á hafður, að bæjar- og sveitarfélögin reisa skólahúsin og sjá þeim fyrir nauðsynlegum kennsluáhöldum og öðru því, er kennslunni viðkemur. Ríkissjóður endurgreiðir þeim síðan hluta af stofn- og rekstrarkostnaði, eftir því sem ákveðið er í lögum hverju sinni.

Fastir kennarar við skólana eru ríkisstarfsmenn og taka laun samkvæmt launalögum ríkisstarfsmanna. Laun annars starfsfólks skólanna, þar á meðal stundakennsla, greiða bæjar- og sveitarfélögin, en ríkið endurgreiðir hluta af þeim kostnaði.

Skólastjóri hvers skóla stjórnar allri starfsemi skólans, svo sem fyrir er mælt í lögum og reglugerðum á hverjum tíma. Hann ber ábyrgð á skólastjórninni gagnvart skólanefnd eða fræðsluráði og fræðslumálastjórn. Hér í borg fer fræðsluráð með störf skólanefnda gagnfræðastigsskóla. Fræðsluráði ber að sjá um, að skólahús eða annað húsnæði til skólahalds, þar á meðal leigu- húsnæði, sé svo hentugt sem kostur er á og það fullnægi þeim reglum um hollustu, sem heilbrigðismálastjórnin setur. Því ber einnig að sjá um, að engin slysaþætta stafi af aðbúnaði skólans. Þá ber fræðsluráði enn fremur að sjá um í samráði við skólastjóra, að borgin annist nauðsynlegt viðhald skólahússins eða feli

öðrum að gera það, en viðhald skólahúsa hvílir að lögum á borgarsjóði.

Eins og áður segir, verða orsakir slyss þess, sem hér um ræðir, raktar til vanræsklu umsjónarmanns skólans, sem er fastráðinn starfsmaður hjá Reykjavíkurborg, á því að fjarlægja hið hættulega hurðarhandfang, sem telja verður, að falli undir eðlilegt viðhald á húsnæðinu.

Viðhaldsskylda borgarsjóðs á skólahúsnæði er einn þáttur í framkvæmd fræðslukerfisins, sem skólastjóranum ber að hafa eftirlit með. Að því er þennan þátt skólastjórastarfsins snertir, lýtur skólastjórinn yfirstjórn fræðsluráðs, sem launað er úr borgarsjóði og ber ábyrgð gagnvart honum. Þykja því efnisrök hníga að því, að borgarsjóður beri einn fébótaábyrgð á tjóni, sem rekja má til vanrækslu skólastjóra og umsjónarmanns á viðhaldsskyldu skólahúsnæðis, og breytir engu þar um, þótt skólastjórinn taki laun úr ríkissjóði.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ríkissjóð í máli þessu og dæma borgarstjórnann í Reykjavík f. h. borgarsjóðs til þess að bæta stefnanda tjón kjördóttur hennar að $\frac{1}{4}$ hlutum.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfur sínar þannig:

1. Tjón vegna varanlegrar örorku	kr. 128.797.00
2. Þjáningabætur og bætur fyrir lýti . .	— 40.000.00
3. Tap heimilis	— 5.000.00
4. Læknishjálp	— 160.00
5. Bifreiðakostnaður	— 520.00
6. Læknisskoðun og læknisvottorð . . .	— 1.500.00

Samtals kr. 175.977.00

Um lið 1.

Strax eftir slysið var Eddu Stefaníu komið undir læknishendur á slysavarðstofunni.

Páll Sigurðsson tryggingayfirlæknir hefur þann 16. nóvember 1963 metið örorku hennar. Í örorkumati hans segir svo:

„Edda Lvý, f. 19/3 1945, Vesturgötu 35, Reykjavík.

Samkvæmt vottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis á Slysavarðstofu, dags. 2. maí 1962, þá varð ofan nefnd stúlka fyrir slysi hinn 13/12 1961, og var þá komið með hana til Slysavarðstofunnar til meðferðar.

Vottorð Tryggva Þorsteinssonar er svohljóðandi:

„Þann 13. 12. 1961, kl. 1730, kom Edda Levý, til heimilis Vesturgötu 35, R., hingað á Slysavarðstofuna vegna meiðsla á hægri handlegg. Frá tildrögum slyssins skýrði Edda svo, að hún hefði verið á hlaupum í skólastofu og rekið hæ. handlegg í öxul á hurðarhún, sem krækist í olnbogabótina og reif upp mikið sár í framhandlegginn.

Við skoðun sást 12—13 cm langur, rifinn og tættur skurður lófamegin á framhandlegg, rétt neðan við olnbogafellinguna (plica cubiti). Skurðurinn nær í gegnum undirhúð (subcutis) og inn í vöðvalagið (M. brachioradialis).

Ekki sást skaði á stærri æðum og taugum. Neurologisk skoðun leiddi ekkert óeðlilegt í ljós. Sárið gapti mikið, húðkantar voru marðir og ljótir, en undirhúð (subcutis) óvenjuþykk.

Gert var að sárum Eddu á Slysavarðstofunni. Húðkantar excid-eraðir eins og þorandi þótti og undirhúð og húð saumuð í lögum á venjulegan hátt. Gefið var antibiotica og handleggurinn settur í gipsumbúðir. Edda kom til eftirlits á Slysavarðstofuna á tilsettum tímum, síðast 9. 1. 1962.

Vegna þess að húðkantar voru contunderaðir og subcutis væntanlega meira leduðu en í ljós kom við skoðun, greri sárið fremur seint, og kom dálítill necrosa í örið. Gekk þó eftir atvikum mjög vel og var gróið í byrjun janúar. Þegar Edda útskrifaðist voru hreyfingar í olnbogalið og úlnlið fríar og eðlilegar. Dofatilfinning (anestesi) var volart í framhandlegg framan við örið. Aftur engar neurolog. truflanir í vöðvahreyfingum handar né fingra.

Edda kom til skoðunar á Slysavarðstofuna þ. 14. 4. '62 og hafði þá í huga skaðabótamál.

Skoðun. Útlit handlegs og handar eðlilegt (þ. e. tonus trophik og húðlitur). Lófamegin (volart) á framhandlegg er 12.5 cm langt bogadregið ör með convexitetið upp á við (proximalt). Efsti hluti bogans er 1.5 cm neðan við olnbogafellinguna (plica cubiti). Þumalfingurmegin (radialt) nær örið lengst út á móts við epicondylus humeri lat. 6.5 cm neðan við hann. Örið er ennþá rautt og þykkt, einkum um miðju, þar sem granulationsvöxtur hefur komið í það, og er það 1 cm breitt, þar sem það er breiðast.

Hreyfingar í olnbogalið eru alveg óhindraðar. Prosupination eðlileg. Ekki virðist anaestesi í framhandlegg. En Eddu finnst þrótturinn minni í handleggnum en áður var. Kraftur í hendi og fingrum virðist þó ekki óeðlilega minnkað borið saman við vinstri hönd.

Hið tiltölulega þykka ör er til lýta á handleggnum, og hef ég ráðlagt Eddu að láta skera það burtu síðar, og vænti ég góðs cosmetíks árangurs af því. Varanlegt tjón eða örorku ætti hún ekki að hljóta af slysi sínu“.

Stúlkan var síðan til meðferðar hjá Árna Björnssyni lækni á Landspítalanum, og segir hann svo í vottorði 31/10 1962:

„Edda Levý, f. 19. 3. 1945, til heimilis að Vesturgötu 35, Reykjavík, slasaðist að sögn hinn 13. 12. 1961, þannig að hurðarhúnn stakkst í olnbogabót hennar, og rifnaði húðin í olnbogabótinni allmikið.

Við skoðun í dag sást þykkt, áberandi ör, 12½ cm á lengd og rúmlega 2ja cm breitt, þar sem það er breiðast, neðan við olnbogabót á hægri handlegg. Sjúklingur kvartar um nokkuð máttleysi í handleggnum og verki í örinu og dofa framan við örið.

Ósennilegt er, að ör þetta breytist nokkuð úr því sem komið er, en til greina kemur að skera það burtu, og mætti þá vænta sámlægs árangurs, hvað útlit snertir. Ef slík aðgerð færi fram, þyrfti hún helst að gerast í svæfingu á sjúkrahúsi, og mundi þurfa að hafa gipsumbúðir á handleggnum í hálfan mánuð til þrjár vikur á eftir. Kostnaður við slíka aðgerð mundi þá greiðast af sjúkrasamlagi“.

Stúlkan kom til viðtals hjá undirrituðum 11/11 1963. Hún skýrir frá tildrögum slyssins og meðferð, eins og lýst hefur verið, en því til viðbótar segir hún, að hún hafi legið á Landspítala á s.l. sumri og hafi þá Árne Björnsson gert aðgerð og numið burt örið. Hún hafði gips eftir aðgerðina í 1 mánuð.

Núverandi óþægindi: Kveðst bólgnu upp á hægri handlim við áreynslu. Verkur í handleggnum við átök. Kvartar um dofatilfinningu í handleggnum.

Skoðun. Hægri handlimur: 16 cm hálfhringlaga ör er rétt neðan við hægri olnbogabót, örið er vel gróið, en nokkuð rautt og alláberandi. Nokkur dofatilfinning virðist í húðinni neðan við örið á þríhyrningssvæði, og nær toppur þríhyrningsins niður undir úlnið. Kraftur í hægri handlegg er eðlilegur við mælingu. Nokkur hreyfingarminnkun er í hægri olnbogalið, og mælist hreyfing í hægri olnbogalið 170—50 (vinstri 175—50).

Stúlkan segist hafa unnið sumarið 1962 í fiskvinnu, en gat lítið sem ekkert unnið s.l. sumar vegna aðgerðar þeirrar, er gerð var. Hún er nú í gagnfræðaskóla verknáms.

Ályktun: Hér er um að ræða 18 ára gamla stúlku, sem slasaðist fyrir tæpum 2 árum og hlaut þá stóran skurð rétt neðan við oln-

bogabót, og náði skurðurinn gegnum undirhúð og inn í vöðvalag. Ekki fékk hún neina sköddun á stærri taugum eða æðum. Gerð var aðgerð á s.l. sumri til að reyna að minnka örið, en þrátt fyrir það er það allmikið áberandi og nokkur óþægindi í handleggnum, einkum dofatilfinning í húð, þreyta og stirðleiki í olnbogalið.

Þess er ekki að vænta, að breyting verði á þessu ástandi héðan af, og er því tímabært að meta telpunni varanlega örorku vegna þessa meiðslis, og telst sú örorka hæfilega metin 5%“.

Þann 24. marz 1965 endurskoðar tryggingalæknirinn fyrri örorkumat sitt. Þar segir svo, sbr. dskj. nr. 6:

„*Viðvíkjandi Eddu Levý, f. 19/3 1945, til heimilis að Vesturgötu 35, Rvík.*

Ég vitna til örorkumats míns 16/11 1963 og þeirra upplýsinga, sem þar eru um sjúkdóm og meðferð þessarar stúlku.

Hún kom til viðtals hjá mér hinn 19/3 1965. Hún skýrir frá því, að hún hafi verið í skóla árið 1963 til '64, en síðan unnið í síld sumarið 1964, en um litla vinnu var að ræða, þar eð hún var á síldarsöltunarstöð, þar sem lítið barst að. Síðan hefur hún unnið ýmsa vinnu, t. d. í bókbandi, í brauðabúð og vinnur nú í fiski.

Núverandi óþægindi: Hún kvartar um sífellda verki í hægri handlegg öllum, segist þreytast fljótt við alla vinnu og hafa verki eftir vinnu. Kveðst bólgnu upp á handlegg og hendi eftir áreynslu. Kvartar einnig um dofatilfinningu í húðinni á hægri framhandlegg og niður undir höndina. Kvartar einnig um kul-sækni í handleggnum og fram í höndina, t. d. við vinnu, eins og hún vinnur núna.

Við skoðun er að finna svipað ástand og var við skoðunina í nóvember 1963. Örið í olnbogabótinni er þó enn meira áberandi en undirritaður hefði vænzt, það er allbreitt, nokkuð þykknað og rauðbláleitt. Hreyfing, kraftur og tilfinning er óbreytt frá því, er var við fyrri skoðun.

Ályktun: Stúlkan ber meiri menjar slyssins, sem hún hlaut 13/12 1961, en gert var ráð fyrir í örorkumati undirritaðs 16/11 1963. Einkum er örið mun meira áberandi og óþægindin meiri en undirritaður hafði gert ráð fyrir.

Af þessum sökum verður að telja, að örorkumat, er þá var gert, sé of lágt, og varanleg örorka stúlkunnar vegna slyssins er hæfilega metin 10%“.

Með bréfi, dags. 15/2 1966, vekur lögmaður stefnda borgar-

sjóðs athygli á því, að Edda Stefanía sé sögð í örorkumötunum fædd 19/3 1945, en hinn rétti fæðingardagur hennar sé 9. marz 1947, sbr. dskj. nr. 32. Taldi hann, að hinn rangi fæðingardagur kynni að hafa áhrif á niðurstöðu örorkumatsins.

Í tilefni af þessu skrifaði lögmaður stefnanda tryggingalæknum bréf, þar sem hann vakti athygli á þessu misræmi. Með bréfi til lögmanns stefnanda lýsir tryggingalæknirinn því yfir, að þessi skekkja breyti engu um örorkumatið.

Þann 28. júní 1965 reiknar K. G. Guðmundsson tryggingafræðingur út vinnutap hinnar slösuðu stúlku og taldi það nema kr. 128.797.00. Í álitserð tryggingafræðingsins segir svo:

„Útreikningar varðandi slys ungfrú Eddu Levý, Vesturgötu 35, Reykjavík, þann 13. des. 1961.

Ungfrú Edda er talin fædd 9. marz 1947. Hún hefur því verið 14 ára, þegar hún varð fyrir ofangreindu slysi. Um tildrög slyssins vísast til lögregluskýrslu um málið.

Fyrir liggja tvö vottorð frá Páli Sigurðssyni, tryggingayfirlækni, um slys þetta, dagsett 16. nóv. 1963 og 24. marz 1965. Í því síðara metur hann varanlega örorku ungfrú Eddu af ofangreindu slysi 10%.

Þegar Edda slasaðist, var hún í unglingaskóla, 2. bekk. Síðar gekk hún í gagnfræðaskóla verknáms. Samkvæmt staðfestum ljósritum af framtölum hennar 1964 og 1965 hefur hún næstum engar tekjur haft 1963, enda lá hún á Landspítalanum nokkurn tíma það sumar til aðgerða vegna slyssins. Árið 1964 hefur hún hins vegar haft 36.305.00 kr. vinnutekjur, enda mun skólagöngu hennar hafa lokið þá um vorið.

Samkvæmt upplýsingum yðar hefur ungfrú Edda í hyggju að leggja fyrir sig verzlunarstörf. Með hliðsjón af því hef ég gert áætlun um vinnutekjur fram í tímann, byggða á kjarasamningum Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, og miðað við flokk afgreiðslustúlkna, sem ekki hafa verzlunarskólamenntun. Tvö fyrstu árin eftir slysið hef ég reiknað með fjögurra mánaða sumarvinnu hvort árið um sig, en 6 mánaða vinnu á þriðja ári eftir slysið og fullri ársvinnu eftir það. Ég geng út frá, að starfsaldur yrði talinn eitt ár að loknum tveimur fyrstu árunum og tvö ár í byrjun fjórða árs eftir slysið. Ég hef reiknað með lágmarkstaxta þeim, sem birtur er, og ekki gert ráð fyrir neinni yfirvinnu. Hins vegar hef ég reiknað með 6% lífeyrissjóðsgjaldi vinnuveitanda frá þeim tíma, sem reiknað er með samfelldri vinnu.

Vinnutekjuáætlunin er þannig:

1. ár eftir slysið	kr. 9.176.00
2. — — —	— 11.804.00
3. — — —	— 35.748.00
4. — — —	— 80.151.00
5. — — —	— 86.039.00
6. — — —	— 88.991.00
7.—10. — — —	— 92.628.00
11.—15. — — —	— 96.282.00
Síðan	— 99.937.00

Væri nú áætlað, að tjón ungfrú Eddu af slysinu svaraði til jafn margra hundraðshluta af áætluðum vinnutekjum eins og örorka hennar er metin, þ. e. 10%, yrði verðmæti áætlaðs tjóns af örorkunni kr. 128.797.00 miðað við slysdag.

Reiknað er með 6% vöxtum p. a., dánarlíkum íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu á árunum 1951—60 og líkum fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Vinnutekjurnar eru reiknaðar án frádráttar fyrir opinberum gjöldum“.

Lögmaður stefnda borgarsjóðs hefur mótmælt þessum lið sem of hátt áætluðum og órökstuddum. Þá hefur hann krafizt þess, að sjúkradagpeningar, sem Sjúkrasamlag Reykjavíkur hefur greitt, verði dregnir frá þeirri upphæð, er dæmd kunni að verða samkvæmt þessum lið.

Við ákvörðun bóta samkvæmt þessum lið þykir í aðalatriðum rétt að leggja til grundvallar útreikning tryggingafræðingsins, og ber þá að hafa í huga, að reiknað er með 6% vöxtum p. a. og dánarlíkum íslenzkra kvenna.

Með hliðsjón af þessum útreikningi, og þegar þess er gætt, að bæturnar eru udanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari, þykir óbætt heildartjón samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metið á kr. 100.000.00, og hafa þá verið frá dregnir sjúkrapeningar, er Sjúkrasamlag Reykjavíkur greiddi, kr. 7.168.00.

Um lið 2.

Hér að framan hefur sjúkrasaga Eddu Stefaniú verið rakin. Lögmaður stefnda borgarsjóðs hefur mótmælt þessum lið sem of háum.

Ljóst er eftir skjölum málsins, að hin slasaða hefur liðið miklar þjáningar í sambandi við slysið og að hún muni bera þess varan-

legar menjar. Þykja því bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 35.000.00.

Um lið 3.

Þessum lið hefur lögmaður borgarsjóðs mótmælt sem ósönnuðum og allt of háum.

Stefnandi, Sigurbjörg E. Levý, hefur komið fyrir dóm. Hún kveðst hafa starfað hjá Sjófangi h/f, er kjördóttir hennar slasaðist, og orðið að taka sér frí í hálfan mánuð vegna slyssins. Hún hafi þá ekkert kaup fengið, enda unnið í tímavinnu hjá fyrirtækinu. Óhjákvæmilegt hafi verið fyrir sig að hætta störfum og sinna kjördóttur sinni, meðan hún var ósjálfbjarga eftir slysið. Auk vinnutaps hennar sé innifalið í þessum lið lyfjakostnaður, sem hún hafi ekki hirt um að halda nótur yfir. Þá sé og innifalinn í þessum lið bifreiðakostnaður, sem hún hafi ekki hirt um að halda reikninga yfir. Þá upplýsti hún, að kjördóttir hennar hefði engar bætur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins, og hefur dómurinn staðreynt, að þar er rétt frá skýrt.

Fyrir liggur á dskj. nr. 27 bréf frá Sjófangi h/f. Þar er staðfest, að stefnandi hafi verið fastráðin hjá fyrirtækinu og að hún hafi orðið að taka sér frí til að annast kjördóttur sína, sem slasaðist í desember. Eftirgrennslanir hjá starfsfólki hafi leitt í ljós, að það hafi verið a. m. k. 2—3 vikur. Áætlað forsvarsmaður Sjófangs, að tekjumissir stefnanda hafi verið a. m. k. 5.000.00—7.000.00 krónur.

Pegar til þess, sem hér að ofan greinir, er litið, þykir þessum kröfulið vera í hóf stillt, og ber því að taka hann til greina.

Kröfuliðum 4—6 hefur ekki verið mótmælt tölulega, og ber því að taka þá til greina.

Eftir þessum málalokum telst óbætt heildartjón stefnanda f. h. kjördóttur hennar vera kr. 100.000.00 + 35.000.00 + 5.000.00 + 160.00 + 520.00 + 1.500.00, samtals kr. 142.180.00. Ber borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs að bæta stefnanda það að $\frac{4}{5}$ hlutum, eða með kr. 113.744.00, auk 7% ársvaxta frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 18.500.00, þar af hljóti talsmaður stefnanda kr. 18.000.00, en ríkissjóður kr. 500.00.

Dóm þennan kváðu upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Gunnari M. Guðmundssyni lögfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs greiði stefnanda, Sigurbjörgu E. Levý f. h. ólögráða kjördóttur hennar, Eddu Stefaniú Levý, kr. 113.744.00 auk 7% ársvaxta frá 13. desember 1961 til 1. janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 18.500.00 í málskostnað. Þar af hljóti skipaður talsmaður stefnanda kr. 18.000.00, en ríkissjóður kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. apríl 1968.

Nr. 204/1967. **Verzlun Jóns Ö. Bárðarsonar**

(Bárður Jakobsson hrl.)

gegn

Trausta Hermannssyni

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 11. september 1967. Það áfrýjunarmál var fellt niður með útivistardómi 4. desember 1967. Áfrýjandi hefur samkvæmt 36. gr. laga nr. 57/1962 áfrýjað málinu af nýju með stefnu 27. desember 1967. Hann krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.